

vi

Herðubreið ertu enn
í skýjamöttli
um herðar þér
bærast ljósþokur

öldruð og vís

hol innan
og guðirnir búa á tindinum
jötnar við ræturnar
líkt og stjórnrí þú
örlögum vatns og vindu
elds og ísa

sá er klífur andlit þitt
með tób og meitli
svo smálegt korn
úr ryki alheims.

vii

Ódáðahraun
endalaust og endanlegt
gamalgrimmt og ógurlegt
hýsir þó frjókorn lífsins
örsmá urtin hvílir þar
líkt og Eyyindur forðum
er hann fól sig í gjótum.

Ódáðahraun
svo óhagganlegt
tími þinn annar en okkar
kominn frá deiglu elds
til seiglu þess sem er.

Kynslóðir koma og fara
vilja ráðskast með þig
en týnast hver af annarri
án sérstaks hróðurs í hraun
sem eitt sinn draup í eldi
og storknaði í eilífð.

(*Dísyrði*, ljóð)



Steinunn Ásmundsdóttir er fædd í Reykjavík 1. mars árið 1966. Hún settist árið 1996 að á Egilsstöðum og vann sem blaðamaður og ljósmyndari Morganblaðsins á Austurlandi í hartnær áratug, en tók þá við ritstjórn héraðsfréttablaðsins Austurgluggans um nokkurra ára skeið. Hún kaus að yfirgefa róstusaman vettvang blaðamennskunnar fyrir nokkrum árum og leita skáldæðarinna að nýju. Útgefín verk: *Einleikur á regnboga*, ljóð, Almenna bókafélagið, 1989, *Dísyrði*, ljóð, Goðorð, 1992 *Hús á heiðinni*, ljóð, Andblær, 1996. Ljóð, sögur og greinar í ýmsum innlendum og erlendum tímaritum og safnritum gegnum tíðina.

Ótræði

Líf mitt er afborganalaus víxill
allir vextir löngu teknir út
gjalddaginn einn
án gremju eða sorgar

en ef ykkur stæði á sama
myndi ég heldur vilja staðnæmast
í brekkunni
horfa á tíbrána sindra
yfir sandinum
eða þótt ekki væri nema
ótræði
undir jökul að sjá

heldur en sama
holrifid
eftir hjól atvinnulífsins
á yfirsunu
af því að svo margir þurfa að kaupa sér líf
á raðgreiðslum
því rótin er slitin

líkt og í ótræðinu
þar sem hverfa harðsporar
ofan í döpin



Þorsteinn Bergsson er fæddur í Reykjavík árið 1964. Hann flutti ungar með móður sinni austur á Hérað og síðan að Refsstæði í Vopnafirði. Þorsteinn er búfræðikandidat að mennt og er sauðfjárbóni og þýðandi að Unaði í Hjaltastaðaþinghá. Hann hefur birt ljóð í ritsöfnunum *Íslensk alþýðuskáld* (1990) og *Raddir að austan* (1999). Ljóðabók hans, *Vébönd*, kom út árið 2008.

Glettingur

TÍMARIT UM AUSTFIRSK MÁLEFNI

26. árg. 1.–2. tbl. 2016



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS